

Aðalfundur Skólaráðs Grunnskóla Borgarfjarðar var haldinn 4. september 2013 kl: 18:00 á kennarastofu skólans.

Mætt: Freyja Jónsdóttir, Helga Erla Erlendsdóttir, Hólmfríður Lúðvíksdóttir, Sara Rós Guðmundsdóttir, Þorsteinn Kristjánsson og Þráinn Sigvaldason. Enginn mætti fyrir hönd foreldra grunnskólanema. Fundargerð verður send til þeirra.

Helga bauð fundarmenn velkomna.

1. Val á nýjum fulltrúum í skólaráð.

Svandís Egilsdóttir tekur við sem skólastjóri 1. nóvember 2013 og tekur því við formennsku af Helgu Erlu Erlendsdóttur.

Fulltrúar kennara kosnir: Hólmfríður Jóhanna Lúðvíksdóttir og Þráinn Sigvaldason. Jóna Björg Sveinsdóttir til vara.

Fulltrúi foreldra grunnskólabarna: Freyja Jónsdóttir.

Fulltrúi foreldra leikskólabarna: Irena Boiko.

Fulltrúi grenndarsamfélags: Þorsteinn Kristjánsson.

Fulltrúi nemenda verður: Bóas Jakobsson. Jörgen Fífill Guðmundsson til vara.

Varamenn kosnir: Renata Miszewska (foreldri leikskólabarna), Andrés Björnsson (foreldri grunnskólabarna) og Bryndís Snjólfisdóttir (grenndarsamfélag).

Fulltrúar í stjórn bera sjálfir ábyrgð á að kalla inn varamenn geti þeir ekki mætt á fundinn.

2. Skólareglur, kynning.

Helga kynnti skólareglur fyrir fundarmönnum og eru þær komnar á heimasíðu skólans.

3. Skóladagatal.

Fundarmenn fóru yfir og ræddu skóladagatalið 2013-2014. Engar efnislegar athugasemdar gerðar við það.

4. Skólastarf vetrarins.

Svandís Egilsdóttir tekur við sem skólastjóri 1. nóvember og Hólmfríður fer í fæðingarorlof eftir áramót. Staða afleysingakennara fyrir hana verður auglýst.

5. Umbætur/aðbúnaður.

Helga minntist á athugasemd sem kom vegna staðsetningu á hjólagrindum við skólann en ákveðið hefur verið að færa þær sem fyrst. Sara minntist á að kastalinn við Fjarðarborg væri orðinn lélegur og það væri öruggast að rífa hann. Fundarmenn tóku undir það. Freyja kom inn á að aðgengi fyrir hjólastóla væri ekki nógu gott. Aðgengi þarf að vera þannig að sá sem er í hjólastól komist í skólann án aðstoðar. Helga kemur þessu máli til hreppsnefndar. Þráinn sagði að hástökkisdýnan væri orðin mjög léleg og þyrfti að fara að endurnýja hana. Rétt væri að geyma hana í Fjarðarborg en ekki í sparkhöll. Hólmfríður talaði um að víða væri loftlaust í skólahúsnæðinu og taldi upp kennarastofu og stofu unglíngastígs. Sara spurði hvort neyðarútgangur út frá unglíngastígsstofunni væri löglegur og hvort það væri reykskynjari upp á lofi. Fundarmenn sammála um að láta athuga það og laga ef þess þarf. Sara kom einnig með fyrirspurn um hvar mörk skólalóðar liggja.

6. **Hvernig er að vera nemandi í Grunnskóla Borgarfjarðar.**

Sara sagði frá því hvernig er að vera nemandi í Grunnskóla Borgarfjarðar. Hún sagði að skólinn væri mjög fínn en það væri mikill munur frá fyrra skólaári, þar sem það væru miklu fleiri á yngsta stigi en áður. Ljósi punkturinn við það er að elsta stigið er alveg saman í einni stofu. Það sé betra bæði fyrir nemendur og kennara. Hún tók það fram að það væru forréttindi að vera nemandi í þessum skóla og talaði þá m.a. um hvað væri lítið mál að fá frí í sauðburð, smalamennsku og annað sem snýr að lífinu í samfélaginu. Hún spurði einnig um hvort hægt væri að fá eitthvað annað en ávexti í nestistímanum. Helga svaraði því að það væri í vinnslu að fá líka grænmeti. Einnig þarf að skoða nestismál samhliða sundkennslu.

7. **Önnur mál**

Engin önnur mál

Fundi slitið klukkan 19:20

Fundargerðina ritar Þráinn Sigvaldason